



Umhverfisstefna Samtaka ferðaþjónustunnar

Ferðaþjónusta á Íslandi byggir á þeirri auðlind sem einstæð náttúra landsins er. Umhverfisstefna SAF miðar að því að viðhalda og vernda íslenska náttúru, atvinnugreininni og mannlífi til hagsbóta. Samtökin vilja stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar og hvetja starfsmenn sína, aðildarfyrirtæki og starfsmenn þeirra til að hafa umhverfismál að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Samtök ferðaþjónustunnar hvetja aðildarfélög til:

- að setja sér umhverfisstefnu, sýna frumkvæði og gott fordæmi varðandi umgengni um auðlindina
- að taka upp umhverfisstjórnunarkerfi
- að setja sér markmið um losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisbindingu
- að vinna að aðild að Vakanum eða öðrum viðurkenndum umhverfiskerfum eða vottunum
- að umgangast náttúruauðlindir með sjálfbærum og ábyrgum hætti
- að stuðla að miðlun upplýsinga um viðkvæma náttúru landsins til viðskiptavina sinna
- að bjóða starfsfólki sínu uppá þjálfun og fræðslu á sviði umhverfismála
- að ákvarðanir um fjárfestingar í ferðaþjónustu taki tillit til umhverfis- og náttúrusjónarmiða
- að vinna í samræmi við lög og reglur um umhverfis og skipulagsmál
- að vera virk og sýnileg í umfjöllun um umhverfis og samfélagsmál

Samtökin vilja vinna með stjórnvöldum:

- að skýru skipulagi fyrir landið í heild, er stuðlar að sjálfbærri þróun ásamt samkeppnishæfni landsins og einstakra landshluta
- að eflingu skilvirkar stjórnarsýslu og regluverks er varðar umhverfismál
- að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og aukinni kolefnisbindingu

SAF mun leitast við að styðja aðildarfélög við á ná markmiðum sínum og efla umhverfisvitund innan ferðaþjónustunnar.